



Schola Akureyrensiss

**Franska 403
Haustönn 2012 - 4-A**

Námsefni:

Scénario 2 – Michelle Guillon og Emmanuelle David Lesbók og vinnubók. Hachette Paris. Lesnir verða valdir kaflar í bókunum. Jules Verne. *Voyage au centre de la terre*. Clé International. Athugið þetta er stytta útgáfa. Orðaskýringar við *Voyage au centre de la terre*.

Lýsing á efni áfangans:

Haldið er áfram að fara yfir undirstöðuatriði franskrar málfræði. Nemendur öðlast færni í réttari notkun franska tíðakerfisins. Aukin orðaforði og málskilningur auk hæfni til ritunar og tjáningar. Áfanginn er meira þematengdur og meira áhersla lögð á menningu og þjóðfélagsmál, einkum frá sjónarhóli ungs fólks í frönskumælandi löndum.

Á önninni verður lesin skáldsagan *Voyage au centre de la terre* eftir Jules Verne. Lesin er stytta og auðvelduð útgáfa af bókinni og ýmis verkefni unnin úr henn.

Lokamarkmið áfangans:

Samskiptamarkmið.

- Segja frá atburðum í liðinni tíð og framtíð
- Lýsa stað, persónu og aðstæðum
- Sannfæra og nota rök (tjá skoðun sína og verja hana)
- Hvernig við tölum eftir aðstæðum og persónum

Skilningur - hlustun.

Nemandi:

- skilji samhengið í samfelldu mæltu máli þegar talað er við hann um efni sem hann þekkir.
- geti greint aðalatriði í sjónvarps- eða útvarpsefni sem fjallar um afmörkuð málefni.
- geti fylgt atburðarrás í sögu eða frásögn
- geti skimað almennta texta þannig að hann skilji aðalatriðin
- skili greinar um sérhæfð efni með hjálp orðabóka og uppsláttarrita
- geti lesið bókmenntaverk (kafla eða útdrátt), t.d. skáldsögur, smásögur, ljóð og leikrit á einföldu/einfölduðu máli

Talað mál

Nemandi:

- geti tekið þátt í samtali um afmörkuð, undirbúin efni
- geti tjáð afstöðu sína til málefna sem tengjast námsefninu
- geti tjáð sig um efni áfangans í samræmi við samskiptamarkmið áfangans.

- geti sagt nokkuð ítarlega frá atburðarás

Ritun

Nemandi:

- geti skrifað ritgerð þar sem hann tekur afstöðu með eða á móti
- geti skrifað nákvæmlega um atburði, raunverulega eða ímyndaða
- geti tekið saman upplýsingar úr ýmsum miðlum og gert um það stutta , ritaða samantekt
- geti skrifað m.a. sendibréf og einföld opinber bréf.

Námsmat:

Lokapróf	50%	- janúar 2013
Munnlegt próf	15%	- 6. 12. 2012
Kaflapróf	10%	- 6.11 2012
Próf úr Voyage	10%	- 25.10 2012
Þemaverkefni	15%	- 3 verkefni á önninni
Vinnueinkunn	5%	

Nemandi verður að ná lágmarkseinkunn á lokaprófi til þess að einkunnir í lokaverkefnum og öðrum prófum séu teknar til greina í lokamati. Annars gildir lokapróf 100%. Öll annarpróf verður að taka til að fá að taka lokapróf. Vinnueinkunn samanstendur af eftirfarandi þáttum: Mæting, virkni í tímum, sjálfstæði í vinnubrögðum og verkefnaskil.

Birt með fyrirvara um breytingar á framvindu náms og námsmati og ósk um gott samstarf.

Örn Þór Emilsson (thor@ma.is)